

Greinargerð um skoðunarferð Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna í Hollandi fyrir 24. apríl 2013.

Sunna Njálisdóttir Grundarfirði.

Dagana 11. til 14. apríl var vofundur Félags forstöðumanna á almenningsbókasöfnum árið 2013 haldinn í Amsterdam. Skoðuð voru þrjú almenningsbókasöfn, eitt menningarhús og svo Háskólabókasafnið í Amsterdam.

Fimmtudagur:

De Tweede Verdieping
Stadsplein 1c
3431 LZ Nieuwegein

Gemma Wigand, forstöðumaður og Ed de Boer, tæknistjóri tóku á mótí hópnum og sýndu safnið.

Heildarhugmynd (concept)

Nieuwegein er ca. 35 ára gamall bær SSA af Amsterdam, með u.þ.b. 60.000 íbúa. De Tweede Verdieping er nýtt safn, sem er staðsett á annarri hæð stjórnsýsluhúss bæjarins sem stendur við nýtt torg í hjarta bæjarins. Gott útsýni til nærumhverfisins og yfir borgina. Tölvutæknin nýtt til hins ítrasta. Langur stigi liggur upp á aðra hæðina (einnig er lyfta) og ofarlega í stiganum heyrst fuglasöngur sem hugsaður er til að ýta við ímyndunaraflinu, vekja forvitni.

Eitt af frumkvöðlaverkefnum safnsins til framtíðar er einmitt að taka upp málefni sem brenna á samfélaginu, afla upplýsinga um það, setja upp skjal á heimasíðunni, aðgengilegt öllum þar sem fram koma leslistar um efnið, heimildaskrá, viðtöl við fræðimenn um efnið, viðtöl við fólkið á götunni og ýmislegt fleira. Þetta er síðan kynnt og loks er jafnvel haldið málþing eða umræðukvöld um efnið. Markmiðið er að verða staðurinn fyrir þá sem vilja afla sér þekkingar, að leggja áherslu á lestur, ekki bara bækur og að vera frumkvöðlar hvað varðar tækniþróun.

Búnaður

Stálendar á hillubúkkum sem merkiplattar eru settir á eftir þörfum.

Ljós með léttum gulleitum skermum á hillubrúnum

Í barnadeild er notaður hrár krossviður formaður í sillur, hillur, skúffur og sæti. Járn-gataplötur. Ýmist viðarliturinn sjálfur eða málað í björtum litum.

Bakhliðar 4to flettikassa ýmis form s.s. húsin í Amsterdam eða úr ævintýrum.

Stöku námsborð með sögulegum ljósmyndum undir glerplötu.

Sjálfvirkur skilakassi: Bókin er lögð í hilluna sem les á örflögu og skilar henni.

Bókin/gagnið er þá tilbúið í útlán eða skoðun á safni.

Upplýsingaskjár sem ekki eingöngu sýnir hvað er um að vera á safninu heldur í öllum bænum er hreyfistýrður (eins og t.d. Wii tölvuleikir) og hægt er að stjórna honum gegnum myndavél sem er tengd við hann. Auk þess nokkrir snertiskjár

(risaspjaldtölvur) til leitar í gögnum safnsins.

Þjónusta

Kaffihús, námsaðstaða. Hugbúnaður til að búa til sitt eigið verk og prenta í 3D prentara.

Wonderbook – Undrabók sem gerist í raunheimi.

Lána-skila-framlengja kassar víða

Cultura cultuurcentrum

Molenstraat 45

6711 AW Ede

Gerry Poelert, forstöðumaður og sagði okkur frá starfsemi safnsins og menningarhússins.

Heildarhugmynd (concept)

Samfélagshús með bókasafni, tónlistarskóla, myndlistarskóla, dansskóla, gallerí sem leigir út aðstöðuna og leikhúsi/bíósal/fyrirlestrarsal sem er einnig til útleigu.

Kaffihús er starfrækt af einkaaðilum á tveimur stöðum, annar við leikhúsið.

Lágt til lofts, innbú nýtt og gamalt í bland.

Ede er 60 þúsund manna bær byggður fyrir 35 árum á gömlum hafsbotni. Ede og nokkrar úthverfaborgir rétt utan við Utrecht telja um 160 þúsund íbúa.

Búnaður

Lágar hillur, litrík grófsmíði í barnadeild. Hvítir leslampar á lesborðum, gamli ‚luxo‘ lampinn á borðum og risaeintök hér og þar á gólfum.

Kaffihús er starfrækt af einkaaðilum á tveimur stöðum, annar við leikhúsið.

Innréttingar, þjónusta og tæknimál bókasafnsins þykja gamaldags og úrelt miðað við kröfur nútíma bókasafna. Það þótti okkur merkilegt þar sem aðeins voru 10 ár síðan safnið var sett upp þarna í húsinu.

Föstudagur:

De nieuwe bibliotheek

Stadhuisplein 101

1315 XC Almere Stad

Toos van Olsen tók á móti okkur og sýndi okkur safnið.

Heildarhugmynd (concept)

Bókasafnið var opnað 27 mars 2010 og er staðsett í miðborg Almere sem er nýleg borg. Safnið er við torg þar sem einnig er fjöldi verslana ásamt menntaskóla og sjúkrahúsi með sömu hugmynd um sýnileika og De Tweede Verdieping

ráðhúsið/bókasafnið, opið inn á við og út í umhverfið líkt og verslanahús/moll. Safnið byggir á markaðshugtaki og er skipt upp í deildir eins og í verslun og gert ráð fyrir að þannig eigi gestir auðveldara með að finna áhugavert efni. Hringir gegna mikilvægu hlutverki í útliti og markaðssetningu. Tölvutæknin nýtt til fróðleiks og leikja. Bókasafn, kaffihús, gallerí og og leikhús/bíósalur/fyrirlestrarsalur sem er einnig til útleigu. Eigandi kaffihússins borgar bókasafninu leigu fyrir reksturinn. Galleríið er í enda bókahilla og veggjum í kring á nokkrum stöðum.

Útisetustofa sem sést frá gluggum á öllum hæðum.

Í desember sama ár var safnið valið besta bókasafnið í Hollandi af „Bibliothekblad“ fagtímariti um bókasöfn.

Búnaður

Led lýsing er kalt ljós sem lýsir ágætlega en hefur engin áhrif á bækurnar. Hvítir ljósalampar standa ofan á öllum hillum og stærri gerðir hanga eða standa hér og þar og mýkja lýsinguna. Í barnadeild eru glerkúplur í ýmsum pastellitum í breiðum lágum lengjum af flettikrybbum og sætum. Hillur eru ýmist bein lína eða sveigð. Ofan á bótaskápum eru stórir og miklir afgangir ljósa hjálmar með viðeigandi myndlýsingu. Ofan á 90 sm háum hillum standa bækur á plexiglersstatívi eða hallandi upphækkun og aðrar liggja fyrir framan. Víða er þessi útstilling notuð og einnig er þeim staflað í liggjandi bunka í hillum. Nánast algilt er að hillur í augnhæð eru skáhillur með framhlið bóka í löngum röðum. Skipting safnkosts í deildir er lík því sem gerist í bókabúðum eftir málefni eða markhópum. Raðað er í númera og stafrófsröð þar sem það er hægt.

Kaffihús/veitingastaður á efstu hæð er leigður út og er vertinn með lítinn sjoppuvagn á neðstu hæð. Í hattinum yfir afgreiðslunni eru nokkrir skjáir sem sýna hljóðlaust útsendingar fréttu af svæðinu og auglýsingar sem eru birtar gegn greiðslu. Utan í kósývirki í unglingsdeild eru tölvuleikjastöðvar leigðar einstaklingum og eru haldnar keppnir í hinum ýmsu tölvuleikjum.

Upplýsingaskjáir eru víðsvegar um safnið og þar er bæði hægt að komast í tölvur safnsins og nota sínar eigin. Lýsing er með LED ljósalínunum í hatti sem skagar fram fyrir hillurnar. Gólfdukur líkist sementsslípuðu og lökkuðu gólfi.

Skýrsluhylki glær. Borð í fyrirlestrasal á hjólum. Sýningartjald og annar sýningarbúnaður er í lokuðum skáp með rennihurðum.

Þjónusta

Safnið þjónar 85% gesta nægilega vel með því að stilla upp með tilliti til efnisflokka frekar en í okkar ástkæru númera og stafrófsröð. Aðrir lánþegar fá viðeigandi aðstoð bókasafns- og upplýsingafræðinga. Upplýsingastöðvar eru smáar hér og þar um safnið gjarnan nálægt annarri þjónustu eins og prentara. Inn- og útlánastöð er næst inngangi. Á annarri hæð er töluvert rýni sett undir nýjar bækur og úrval bóka sem henta þeim sem rétt kíkja inn og skima um og finna eitthvað og drífa sig svo áfram út eða leggja leið sína upp á efri hæðir. Þessi hópur samanstendur aðallega af karlmönnum. Tölvuaðstaða er hér og þar um safnið og ekki öll eins.

Strákabakbókar og töskur fyrir ferð til afa og ömmu eða í bústaðinn. Innihaldið bíður í afgreiðslunni. Stórra stafa bókadeild.

Kringum kaffihúsið er rúmgott svæði með stórfenglegu útsýni út yfir hverfið sem jafnframt nýtist sem samkomustaður í tengslum við leikhús/bíósal/fyrirlestrarsal.

Bataviawerf museum
Oostvaardersdijk
01-09
8244 PA Lelystad

Batavia Werf í Lelystad er eins konar sögusafn þar sem verið er að endurbyggja skip frá þeim tímum þegar Holland var nýlenduveldi með mikla skipaútgætur. Skip frá þessum tímum eru öll ónýt, sum á hafsbótunni. Batavia er nákvæmasta endurgerð flutningaskips frá 16. öld sem til er og var 10 ár í smíðum. Henni var hleypt af stokkunum 1995. Eftir það var hafist handa við byggingu herskips (endurgerð af The Seven Provinces) frá sama tímabili og er það enn í smíðum en það er stærsta „sögulega“ skipasmíð í heiminum.

Leiðsögn önnuðust gamlir sjómenn og farmenn.

Laugardagur:

Openbare Bibliotheek Amsterdam (OBA)
Public Library Amsterdam
Oosterdokskade 143
1011 DL Amsterdam

Heildarhugmynd (concept)

Bæjarbókasafnið í Amsterdam. Nýtt hús byggð á hafnarsvæðinu við hlið járnbrautastöðvarinnar (þar sem pósthúsið stóð). Hæsta húsið í gömlu borginni. Í borginni er 25 útbú. Bókasafnið tengist samfélaginu gegnum útvarp Amsterdam sem er sérlegur fjölmiðlafulltrúi bókasafnsins. Á næstefstu hæð er stórt veitingahús. Salir, leikhús, fundaherbergi og víðfeðm aðstaða til náms og vinnu. Opið inn á við og út þó ekki eins og De nieuwe bibliotheek í Almere og De Tweede Verdieping. Víðsýnt af svölum veitingahúss á 7. hæð. Sirsitjöld og abstrakt ljósskúlptúrar mýkja umhverfið.

Búnaður

Ljóshjálmar í lóðréttum rörum milli hillustæða og hitna svolítið. LED lýsing. Bólstraðir setu- og leguflekar eru víða. Þar er bannað að sofa eða gera neitt saman.

Í horni einnar hæðarinnar eru sýnishorn úr innbúi gamla borgarbókasafnsins sem var orðið mjög gamalt.

Þjónusta

Sjálfvirk skil og útlán með greiðslukössum og á hverri hæð voru kringlött upplýsingaborð yfirleitt bara mönnuð af einni manneskju sem ýmist sat utan eða innan hringsins.

Snertiskjár í skáldsögudeild með úrvali bókakynninga. Ekki leitarbær.

Universiteit van Amsterdam

Bijzondere Collecties

Oude Turfmarkt 129

1012 GC Amsterdam

Heildarhugmynd (concept)

Háskólabókasafnið var áður í húsum háskólans í Amsterdam. Flutt í nýbyggingu spölkorn frá sem tengd var nokkrum gömlum byggingum sem hýstu m.a. banka. Byggt var yfir mjóa götu sem var á milli þeirra og bókabúð úr nágrenninu boðið að flytja inn í innigötuna en hún seldi fræðilegar bókmenntir. Meðfram umræddri götu rann áður áin Amstel og átti þá upptök sín undir nýbyggingunni.

Háskólabókasafnið er bæði bókasafn og minjasafn en það safnar einnig prentstofutengdum munum tengdum sögu Hollands. Mikið fræðastarf fræðimanna, kennara og stúdenta fer fram inni í safninu sem er breyting frá fyrri tíð þegar vinnusalur var aðskilinn frá bókakosti og sækja þurfti hverja bók sérstaklega.